

H. G. WELLS

I

Síðasta bókin, sem ég hefi séð getið, eftir þennan fræga rithöfund, heitir „Men like Gods“, goðum líkt mannkyn. „Á annarri stjörnu“ hefði sú saga einnig mátt heita, því að Wells er þar að lýsa lífinu á stjörnu, sem hann kallar Útópiu. Ég hefi í dönsku blaði séð nokkra kafla úr þessum eftirtektarverða skáldskap. — Fróðlegast þykir mér þar samtal manns á þessari lengra komnu stjörnu — Sungold kallar höfundurinn hann — og jarðbúa, sem ég veit ekki hvernig skáldið lætur komast yfir á stjörnuna Útópiu. Á þessari stjörnu — segir Sungold — er að hefjast öld hins hrifnasta vitmóðs. Íbúar stjörnunnar eru sem vínreifir yfir fenginni þekkingu á nýjum öflum og nýjum möguleikum... Menn sjá nú fram á, vísindalega, hvernig komast má frá stjörnunni Útópiu til annara stjarna, og innan skamms verður þetta framkvæmt. Þetta er það, sem fyllir hugi manna á stjörnunni Útópiu, nú sem stendur.

Wells lýsir íbúum stjörnunnar Útópiu svo, að þeir séu ákaflega miklu lengra komnir í allri menningu en fólkið á jörðu hér, og manni sem hefir lengi verið að reyna til að koma íbúum þessarar jarðar í skilning um þýðingu sambandsins við aðrar stjörnur, þykir meir en lítið varið í, að einn af allra gáfuðstu skáldsagnahöfundum, sem nú eru uppi, skuli láta einmitt samband við aðrar stjörnur, vera allra helsta áhugaefni mannkyns, sem hann telur goðum líkt. Og verið getur, að sum bréf, sem rituð eru hér í Reykjavík, hafi áhrif á nokkru fleiri lesendur en líklegt mundi þykja.

II

Þessi íbúi stjörnunnar Útópiú, sem Sungold heitir, segir ennfreður: „Hugir fólksins á ykkar jörðu eru, í samanburði við það hugarfar, sem hér ræður, forhertir og óhæfir til að taka við nýjum sannindum... Þér jarðarbúar eruð ekki byrjaðir að skilja þýdingu lífsins ennþá. Og vér hér á Útópiú erum þar varla lengra komnir. Lífið er ennþá aðeins fyrirheit, sem bíður efndanna. En efndirnar eru þær, að vaxa upp úr þessu smá kvíki í duftinu, sem vér mennirnir erum. Einn góðan veðurdag, þá mun hér og allstaðar, lífið, þar sem þér og vér erum einungis undirbúnings öragnir og iðuköst, vakna í raun og veru, fullkomlega, undursamlega, eins og barn, sem vaknar til vitsins. Það mun ljúka upp svefnhöfgum augunum, teygja sig og brosa, og horfa beint framan í leyndardóminn um guð, eins og menn horfa í morgunsólina. Vér munum einnig verða þar, þér og vér, allt sem nokkurs er virði í oss. Og það verður einungis byrjun, ekki meir en byrjun.“

III

Mikils þykir mér vert, að geta sýnt lesendum mínum, hvernig eitt af heimsfrægustu skáldum skrifar um lífið. Og má vel merkilegt þykja. En ekki er það rétt hjá hinum mikla snillingi, að vér hér á jörðu séum ekki byrjaðir að skilja hvað lífið er. Það er einmitt að byrja að verða ljóst, hvað er eðli og tilgangur lífsins. En af því mun ég segja nokkuð í annarri grein.

Nóv. '23.